

**Fundargerð vinnuhóps
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Samráðsnefndar Samiðnar, MATVÍS, RSÍ og VM**

Fundur var haldinn 28. október 2021 í vinnuhóp Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samráðsnefndar Samiðnar, Matvís og VM vegna 10. kafla í kjarasamningi. Fundurinn fór fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Á fundinum voru:

Fyrir hönd félaganna: Elmar Hallgrímsson, Halldór Arnar Guðmundsson og Ísleifur Tómasson.

Fyrir hönd sambandsins: Inga Rún Ólafsdóttir, Berglind Eva Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál tekið fyrir:

1. Bókun 6 í kjarasamningi Samiðnar, Matvís og VM

Bókun 6 í kjarasamningum ofangreindra aðila frá árinu 2019 er svohljóðandi:

BÓKUN 6 [2019]

Endurskoðun á 10. kafla Aðilar eru sammála um að endurskoða 10. kafla kjarasamnings með sérstaka áherslu á símenntun og viðbótarmenntun iðnaðarmanna og kortleggja námsframboð sem þeim stendur til boða. Samstarfsnefnd SNS og iðnfélaganna útfærir hvernig það verður gert. Aðilar eru sammála um að við endurskoðun 10. kaflans verði horft til fjölda símenntunareininga (ein símenntunareining jafngildir 18 til 24 klukkustunda vinnu skv. skilgreiningu Iðunnar fræðsluseturs) og tekið mið af námskeiðum hjá Iðunni fræðslusetri og/eða öðrum fræðsluaðilum, sem hlotið hafa viðurkenningu samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008. Vinnu þessari skal lokið fyrir 28. febrúar 2020 og gildir breyttur 10. kafli frá þeim tíma og með þeim tíma.

Aðilar eru ekki sammála um útfærslu breytinga á 10 kafla vegna þessarar bókunar.

Ágreiningurinn felst í mismunandi áherslum á mati aðila á starfsþróun með óformlegu námi (símenntun) og formlegri viðbótarmenntun.

Niðurstaða:

Samþykkt að 10. kafli kjarasamninga félaganna sé óbreyttur út samningstímabilið eða til 31. mars 2023.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9.30.